

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 345/2022

2023/EES/48/56

frá 9. desember 2022

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2053 frá 8. nóvember 2021 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir málmvöruframleiðslugeirann að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2054 frá 8. nóvember 2021 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir fjarskipta- og upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustugeirann að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 ⁽²⁾.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 1ear (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1802) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„1eas. **32021 D 2053:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2053 frá 8. nóvember 2021 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir málmvöruframleiðslugeirann að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 (Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 55).

1eat. **32021 D 2054:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2054 frá 8. nóvember 2021 um geiratengt tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir fjarskipta- og upplýsinga- og fjarskiptatækniþjónustugeirann að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 (Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 87).“

2. gr.

Texti ákvarðana (ESB) 2021/2053 og (ESB) 2021/2054, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 420, 25.11.2021, bls. 87.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður